



LEIÐARVÍSIR FYRIR MAT Á JAFNRÉTTISÁHRIFUM LAGASETNINGAR

Skilgreining og markmið

Í mati á jafnréttisáhrifum er dregin upp mynd af því hvaða áhrif fyrirhuguð lagasetning muni hafa á jafnrétti kynjanna. Konur og karlar geta búið við ólíkar aðstæður eða hagað lífi sínu á mismunandi vegu og ástæða er því til að kanna þetta sérstaklega. Enda þótt viðkomandi áform um lagasetningu virðist við fyrstu sýn hlutlaus að þessu leyti getur annað komið í ljós við nánari athugun.

Markmiðið með mati á jafnréttisáhrifum er að viðhalda eða stuðla að jafnrétti en forðast að viðhalda eða auka misrétti. Það er því mikilvægt að kynja- og jafnréttissjónarmið séu höfð í huga í ferlinu öllu.

Áform um lagasetningu – Frummat á áhrifum

Leita þarf svara við eftirfarandi spurningum strax á áformastigi máls en svörin geta gefið vísbendingar um þau kynja- og jafnréttissjónarmið sem hafa þarf í huga við frumvarpssmíði og eins hvort þörf sé á að gera ítarlegt jafnréttismat.

1) Markmið og áhrif lagasetningar

Hvert er markmið lagasetningarinnar?

Hverjir verða fyrir áhrifum vegna hennar í heild eða að hluta?

2) Kyngreind tölfraeðigögn

Hvaða kyngreindu gögn eru til á viðkomandi sviði?

Er nauðsynlegt að afla frekari gagna til að hægt sé að meta jafnréttisáhrif?

3) Staða kynjanna

Hver er staða kynjanna innan málaflokksins?

Hefur tiltekið kyn betri stöðu en aðrir og ef svo er, er það sanngjarnt?

Er mögulegt að hreyfa við núverandi stöðu með fyrirhuguðu frumvarpi?

Upplýsingar um kyngreind tölfraeðigögn, kynjasjónarmið og stöðu kynjanna í flestum málaflokkum má m.a. finna í [stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða](#).

Gerð er grein fyrir niðurstöðum í eyðublaðinu *Mat á áhrifum lagasetningar/frummat* sem fylgir eyðublaðinu *Áform um lagasetningu*.

Ef tilefni er til að vinna ítarlegra jafnréttismat má styðjast við verkfæri í [Verkfærakistu kynjasambættingar](#).

Lagafrumvarp – Endanlegt mat á áhrifum

Við áframhaldandi vinnslu máls er byggt á frummatinu, sbr. atriði 1–3, og aukið við umfjöllun eða breytingar gerðar, eftir því sem ástæða er til. Einnig þarf að upplýsa um eftirfarandi:

4) Vinnsla máls og niðurstaða

Hvernig var jafnréttismatið framkvæmt?

Hver er niðurstaðan, hvaða ábendingar komu fram, viðbrögð við þeim, rökstuðningur o.s.frv.

Gerð er grein fyrir niðurstöðum í eyðublaðinu *Mat á áhrifum lagasetningar/endanlegt mat* sem fylgir frumvarpi til ríkisstjórnar og í greinargerð með lagafrumvarpi (Kafli 6. Mat á áhrifum).

Ef umfangsmikið jafnréttismat hefur farið fram getur það fylgt í sérstöku fylgiskjali.